

Ár 2019, föstudaginn 11. janúar, er dómþing haldið í Dómstóli ÍSÍ að Austurvegi 3, Selfossi af settum dómara Ólafi Björnssyni hrl á Selfossi.

Fyrir er tekið málið nr. 9/ 2018

Kærandi:

Nafn: Amanda Marie Ágústsdóttir
Kennitala: 190190-3150
Heimilisfang: Njörvasundi 23, 104 Rvk.

Kærði:

Nafn: Þríþrautarsamband Íslands
Kennitala: 640215-0700
Heimilisfang: Engjavegi 6, 104 Rvk.

og kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

Þann 10. okt sl. barst Íþróttadómstól Íslands kæra frá Amanda Marie Ágústsdóttir. Málinu var úthlutað til undirritaðs dómara 15. okt sl. Ákveðið var að málið yrði flutt skriflega, og sendi kærði greinargerð til dómsins dags. 29. okt. sl.. Var hún svo send kæranda, og gafst honum þá tækifæri á að senda inn greinargerð, sem hann sendi dómnum 14. nóv sl. ásamt gögnum .
- í framhaldinu gafst kærða tækfæri að gera athugasemdir við framkomna grg. kæranda, og skilaði hann greinargerð og gögnum 21. nóv sl., en frekari gögn bárust ekki.

Dómkröfur kæranda:

Kærandi gerir kröfu um að formaður og stjórnarmenn sem eru í toppbaráttu á Íslandsmótum og í stigakeppni Þríþrautasambandsins, segi af sér.

Stjórnin dragi til baka ummæli í tölvupósti dags. 9.9.2018, og biðjist afsökunar þar sem stjórnin ásakar kæranda um að hafa sýnt meðlimum stjórnarinnar og öðrum íþróttamönnum vanvirðingu og hafa sýnt af sér óásættanlega hegðun.

Stjórnin dragi til baka ummæli í tölvupósti dagsettu 9.9.2018, og biðjist afsökunar þar sem hún án samhengis í umræðunni dregur starfsgetu kæranda í efa og ásakar hana um að hafa haldið eftir upplýsingum.

Málavextir og málsástæður kæranda:

Kærandi segir formann stjórnar og stjórnarmenn Þríþrautasambands Íslands hafa brotið lög ÍSÍ og ITU (Alþjóða þríþrautarsambandsins) og hegðunarviðmið ÍSÍ, með ítrekuðum hagsmunaárekstrum og með því að leggja íþróttakonu (kæranda) innan hreyfingarinnar í einelti.

Vísað var til tölvupóstsamskipta og vísað til vitnis Diðriks Stefánssonar.

Sjónarmið kærða, Þríbrautarsambands Íslands:

Greinargerð kærða barst dómstólnum 29. okt. 2018

Dómkröfur:

Varnaraðili gerði þá kröfu aðallega að kæru kæranda yrði vísað frá dómi.

Til vara krafðist kærði þess að kröfum kæranda væri hafnað.

Þá var krafist málskostnaðar bæði í aðal og varakröfu.

Málavöxtum, kveður kærði að sé ekki rétt lýst í kæru, og henni hafnað sem rangri og vanreifaðri.

Röksemdir og lagareglur kærða.

Frávísunarkrafan er sögð byggja á því að kæran hafi ekki komið fram innan kærufrests. Skv. 24. gr laga ÍSÍ er kærufrestur til dómstóls ÍSÍ „ein vika frá því að atvik það, sem kært er bar við eða ástandi lauk, ef um ástandsbrott er að ræða séu ekki skemri frestir ákveðnir í lögum viðkomandi sérsambands“

Kærði bendir á að kæran hafi verið lögð fram 10. okt 2018, en hún snúi alfarið að atvikum sem áttu sér stað meira en viku áður en kæran var lögð fram, og því beri að vísa kærinni frá dómi. Frávísunarkrafan var jafnframt rökstudd með því að dómkröfur kæranda væri mjög vanreifaðar og því bæri einnig að vísa kröfunni frá á þeim forsendum.

Varakrafa kærða, um að kröfum kæranda bæri að hafna, var einnig studd þeim sjónarmiðum að kröfugerð kæranda væri vanreifud og byggð á rangri málavaxtalýsingu. Mótmælt var sjónarmiðum um einelti eða að stjórnarmenn hefðu í störfum fyrir sambandið misnotað aðstöðu sína með nokkrum hætti. Vísað var til viðmiða um árangur sem birst hefðu á facebook síðunni Þríbrautir á Íslandi 24 ágúst 2017, en þar voru viðmið danska Þríbrautasambandsins höfð til hliðsjónar. Tveir íslenskir keppendur munu hafa náð þessum viðmiðunum og keppt á alþjóðlegum mótum.

Kærði mótmælti sjónarmiðum um að kærði hafi haft rangt við varðandi Kjósarsprett, og benti á að endanleg mótaskrá hafi legið fyrir 9 dögum fyrir fyrstu keppni. Benti kærði og á það að um áhugamannakeppni væri að ræða, og því keppni stjórnarmanna heimil, svo sem tíðkist einnig erlendis. Öllum ásökunum um einelti er mótmælt harðlega og bent á að kærandi hafi fengið hvatningu frá stjórnarmönnum sem og stuðning frá sambandinu, m.a. á þjálfunarnámskeið. Þá voru fundir haldnir með kæranda til að hlusta á umkvörtunarefni hans og til að halda samskiptum góðum. Kærði benti og á að hann teldi kæru þessa tilhæfulausa og töldu sumir forsvarsmanna kærða kærana vera beinlínis árás á þá og til þess fallin að sverta orðspor þeirra þjálfara sem þar eiga í hlut.

Varðandi málskostnaðarkröfu var vísað til e- liðs 36. 1 laga ÍSÍ.

Kæranda, gafst tækifæri á að gera ath. við greinargerð kærða, og barst greinargerð frá kæranda þann 14. 11.2018.

Kærandi benti á að samkvæmt gr. 24.2 geti dómstóll ÍSÍ veitt leyfi til að mál sé höfðað eftir að kærufrestur er liðinn ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Kærandi telur að þetta mál sé mjög alvarlegt og óeðlilegt að sársamband vinni eins og Þríþrautarsambandið hefur gert, og verður dómstólinn að taka það til athugunar.

Kærandi segir svör kærða aggressív, og ganga svo langt að segja að kærandi hafi valdið ÞRÍ álitshnekkjum með því að mæta ekki til keppni í Valencia í September.

Kærandi lagði fram yfirlit yfir 15 mismunandi keppnir þar sem íþróttamenn frá mögum mismunandi þjóðum mættu ekki til keppni. Kærandi bendir á að þó svo það sé ekki ákjósanlegt þá komi ófyrirsjáanlegar aðstæður oft í veg fyrir að keppandi geti ekki tekið þátt. Kærandi kveður þetta annað dæmi um það að kærði leggi sig í einelti.

Einnig lagði kærandi fram gögn varðandi samskipti sín og tveggja sunddeilda sem hún starfaði fyrir. Segir kærandi að ásakanir kærða um að hafa haldið frá sambandinu upplýsingum sem varða þjálfunarreynslu kæranda eiga því ekki við rök að styðjast. Kærandi telur þessa hegðun vera óásættanlega, ekki samræmast hegðunarviðmiðum ÍSÍ né sýna mikla leiðtogaþæfileika hjá stjórninni. Kærandi vill einnig benda á að þessi ummæli voru í engu samhengi við þá umræðu sem átti sér stað og var dregin fram að ástæðulausu.

Kærði tilkynnti það einungis eftir að kærandi spurði um það að hún væri hluti af stigakeppni ÞRÍ. Að sögn kærða var það almenn vitneskja um áramót að hætt hefði verið við Challenge keppnina og kom þetta því eins og þruma úr heiðskýru (sic) lofti. Á meðan það er alltaf gott að fá fleiri keppnir inni tímabilið, þá á ekki að vera hægt að bæta stigakeppnum inn þegar tímabilið er hafið eða að hefjast, sérstaklega þegar margir af toppíþróttamönnum eru í stjórn sambandsins og fá því þessar upplýsingar á undan öðrum og var því mótmælt á opinberum vettvangi. Í fylgiskjölum sést að Diðrik Stefánsson spyr hvort umrædd keppni sé hluti af stigakeppninni þann 9. júlí 2018 klukkan 00:16, kærði setur inn tilkynningu á Facebook síðu sína þann 9. Júlí klukkan 16:29.

Kærða gafst kostur á að gera ath. við ofangreind **sjónarmið kæranda**, og barst **greinargerð** frá kærða, 21. nóv sl.

Vísað var til fyrri greinargerðar varnaraðila, Þríþrautarsambands Íslands, dags. 29. október 2018, í tilvísuðu máli fyrir dómstóli ÍSÍ. Kærði ítrekaði kröfur og röksemdir sem fram koma í þeirri greinargerð, m.a. kröfu um málskostnað.

Kærði taldi rök ekki standa til þess að víkja frá einnar viku kærufresti samkvæmt gr. 24.1 laga ÍSÍ. Kærandi byggir á því í greinargerð til dómstólsins, sem barst varnaraðila 14. nóvember 2018, að „sérstakar aðstæður“ séu fyrir hendi, þannig að heimili frávik frá meginreglunni um einnar viku kærufrest.

Kærði fellst ekki á þetta. Kæranda var í lófa lagið að skjóta máli sínu til dómstólsins innan kærufrestsins og færir kærandi ekki rök fyrir því að „sérstakar aðstæður“ séu uppi í þessu máli sem gefi tilefni til að víkja frá hinum almenna kærufresti. Kærði tekur fram í þessu sambandi að regla 24.2 laga ÍSÍ er undantekningarregla sem ber að skýra þröngt og beita af varfærni, þ.e. einungis ef „sérstakar aðstæður“ eru fyrir hendi. Önnur niðurstaða fæli í raun í sér að meginregla gr. 24.1 laga ÍSÍ yrði undantekningin frekar en meginreglan. Slík niðurstaða er ekki tæk að mati kærða.

Kærði hafnar að öðru leyti þeim ávirðingum og sjónarmiðum sem fram koma í greinargerð kæranda og vísar þar m.a. til framlagðra gagna og fyrri greinargerðar sinnar, dags. 29. október 2018, og áréttar þau rök og sjónarmið sem þar greinir. Ekkert í framlögðum „messenger“ samskiptum, sem fylgdu greinargerð kæranda 14. nóvember 2018, rennir heldur stöðum undir ávirðingar kæranda í garð varnaraðila. Umrædd samskipti eru hvorki harkaleg eða „aggressív“ í garð kæranda, og eru raunar ekki annað en eðlilegar ábendingar til kæranda. Varðandi keppnina í Kjós, skal áréttað að tilkynning um þá keppni var birt 2. maí 2018, sbr. m.a. kafla II-B í fyrri greinargerð varnaraðila 29. október 2018.

Að öðru leyti áskildi varnaraðili sér rétt til að tefla fram frekari sjónarmiðum og gögnum, eftir því sem tilefni verður til, og ef til frekari málsmeðferðar kemur.

Niðurstaða:

Fyrir liggur að taka afstöðu til þess hvort vísa beri máli þessu frá dómi á grundvelli 24.1 gr. laga ÍSÍ, eða hvort undantekningarákvæði 24.2 gr. eigi við.


Dómurinn telur að ekkert sé fram komið sem styðji við undantekningarregluna, og verður hún því ekki tekin til greina, gegn eindregnum mótmælum kærða.

Samkvæmt gögnum málsins var síðasta meinta ávirðing í málinu 9. sept. sl. og því rann kærufrestur út 16. sept sl. og er því þegar af þeirri ástæðu, óhjákvæmilegt annað en vísa málinu frá dómi.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.



Ólafur Björnsson hrl, dómari (sign)

Frestur til að áfrýja máli þessu er ein vika frá því að aðila var fyrst kunnugt um niðurstöðu máls. Bent er á kafla 4.3. í lögum ÍSÍ um áfrýjunardómstól ÍSÍ.